

Nd.

594. Nefndarálit

[169. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur þetta frv.

Í athugasemdum með frv. segir stjórnin, að „líkindi“ séu til, að aðstaða bankans muni styrkjast við þessa breytingu.

Framkoma núverandi stjórnarflokka í garð Búnaðarbankans, síðan þeir tóku að sér stjórn landsins á Þorláksmessu 1958, hefur ekki verið þannig, að hægt sé að koma auga á líkur fyrir því, að það verði bankanum til eflingar, að þeir fái meiri hluta í stjórn hans. Þau dæmi, sem hér verða nefnd, vitna ekki um áhuga þeirra fyrir að efla bankann, heldur hið gagnstæða:

1. Við afgreiðslu fjárlaga í aprílmánuði 1959 fluttu fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd breytingartillögu um, að af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1958 skyldi lána byggingarsjóði Búnaðarbankans 5 millj. kr. og veðdeild bankans aðrar 5 millj. kr. Þessa tillögu felldu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar á þingi, Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksmenn. En meðan framsóknarmenn voru í ríkisstjórn, var bankanum veitt slík fyrirgreiðsla, t. d. árið 1956.
2. Það var lengi algild regla, að bændur, sem byggðu íbúðarhús á jörðum sínum, gátu fengið helming væntanlegs láns úr byggingarsjóði Búnaðarbankans á því ári, sem bygging var hafin, ef þeir gátu lagt fram vottorð fyrir nóvemberlok um, að byggingin væri fokheld. En á s. l. ári brást þetta í fyrsta skipti. Þeir bændur, sem réðust í byggingu íbúðarhúsa árið 1959, gátu engin lán fengið fyrir síðustu áramót, því að byggingarsjóðurinn hafði þá ekki fé til útlána. Það var af þeirri ástæðu, að í ráðherrastólana voru komnir nýir menn og nýir síðir komu með þeim herrum. Þeir skeyttu ekkert um að veita aðstoð við útvegum fjár til sjóðsins. Bændurnir, sem samkvæmt gamalli venju áttu að fá byrjunarlán til bygginganna fyrir síðustu áramót, hafa loks nú alveg nýlega fengið lánin og þá með mjög hækkuðum vöxtum.
3. Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 á þessu þingi báru framsóknarmenn í fjárveitinganefnd fram tillögu um að veita 13900000 kr. á 16. gr. fjárlaga til Búnaðarbankans. Þessa tillögu felldu þingmenn stjórnarflokkanna.
4. Hinn 18. maí s. l. felldi stjórnarliðið á Alþingi tillögu um að skora á ríkisstjórnina að útvega veðdeild Búnaðarbankans nú þegar nokkra fjárupphæð, til þess að unnt sé að bæta úr brýnustu þörfum.
5. Núverandi stjórnarflokkar hafa stórhækkað vexti af lánum úr sjóðum Búnaðarbankans og stytt lánstímana.
6. Á þessu þingi fluttu framsóknarmenn frumvarp um, að ríkissjóður tæki á sig greiðslu á nokkrum erlendum lánum, sem hvíla á ræktunarsjóði og byggingarsjóði Búnaðarbankans. Slíkar ráðstafanir til að létta skuldum af sjóðunum gerði Alþingi árið 1953 og aftur 1957. — En stjórnarflokkarnir hafa hindrað afgreiðslu á frumvarpi framsóknarmanna nú á þinginu.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi um framkomu núverandi stjórnarflokka í málum Búnaðarbankans síðustu 14 mánuðina. Þau dæmi benda ekki til þess, að þeir hafi áhuga fyrir að efla þá stofnun og gera hana færa um að bæta úr lánþörf landbúnaðarins.

Þegar gerðar voru breytingar á lögum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands á Alþingi 1957, voru sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu. Þeir beittu sér gegn breytingunum. M. a. færðu þeir fram þá ástæðu fyrir andstöðu sinni, að með því að fjölga bankaráðsmönnum og bankastjórnum væri aukinn kostnaður við banka-reksturinn.

Nú minnst þeir ekkert á slíkt, en flytja sjálfir frumvarp um fjölgun manna í bankaráði Búnaðarbankans og um heimild til að stofna þar nýtt bankastjóraembætti. Stjórnarflokkarnir stefna að því að fá nú þegar meiri hluta í stjórn bankans.

Sennilegast er, að tilgangurinn með breytingunni á yfirstjórn Búnaðarbankans sé fyrst og fremst sá að tryggja, að þar verði ekki unnið gegn samdráttar- og afturhaldsstefnu stjórnarflokkanna. Til þess að koma þeirri stefnu fram hefur verið dregið úr lánveitingum bankanna og vextir hækkaðir gífurlega. Til styrktar þeirri stefnu eru líka hindraðar framkvæmdir um land allt með því að taka fé sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga með ofbeldi og flytja það í banka í Reykjavík. Skiljanlegt er, að þeir yfirgangsmenn, sem beita slíkum aðferðum, vilji um leið tryggja sér völd í bankastofnun landbúnaðarins. Þeir vilja búa svo um hnútana, að ekki verði of auðvelt fyrir menn í sveitum og kaптúnum að ná í lánsfé í bönkunum til nauðsynlegustu umbóta vegna atvinnu sinnar og til að bæta sér þannig að einhverju leyti upp peningatökuna úr sparisjóðunum og innlánsdeildum samvinnufélaganna.

Stofnun Búnaðarbanka Íslands fyrir rúmum 30 árum var stórt framfaraspor. Bankinn hefur verið lyftistöng mikilla umbóta og uppbyggingar í sveitum landsins.

Framfarirnar í sveitunum þurfa að halda áfram. Það er lífsnauðsyn ört fjölgaandi þjóð. Þeim fjármunum, sem notaðir eru til að rækta og bæta landið, er skynsamlega varið. Með því er verið að styrkja efnahagslega aðstöðu þjóðarinnar og leggja grundvöll að hamingju komandi kynslóða. Það er mikilsvert, að forráðamönnum peningastofnana sé þetta vel ljóst.

Ráðstafanir núverandi stjórnarflokka eru að hrekja þjóðina aftur á bak. Stefna þeirra er afturhaldsstefna.

Það er ekki heillavænlegt að fela fylgismönnum þeirrar stefnu yfirráð í bankastofnun landbúnaðarins.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, legg ég á móti því, að þetta frumvarp verði gert að lögum.

Samkvæmt nügildandi lögum kjósa landbúnaðarnefndir Alþingis meiri hluta bankaráðs Búnaðarbankans. Það má teljast staðfesting á því, að bankinn sé fyrst og fremst stofnun þeirra, er stunda landbúnað, eins og nafn hans bendir til. En þetta fyrirkomulag vilja stjórnarflokkarnir nema úr lögum.

Í efri deild bar fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd, Karl Kristjánsson, fram breytingartillögu um, að stjórn Stéttarsambands bænda kjósi einn mann í bankaráðið. Það er sanngjarnt og eðlilegt, að landbúnaðarmenn hafi íhlutunarrétt um stjórn þess banka, sem sérstaklega er þeirra stofnun. En tillagan var felld í Ed. Ég mun freista þess að fá þá lagfæringu á frumvarpinu, ef ekki tekst að hindra framgang þess.

En það er aðaltillaga mín til þingdeildarinnar, að frv. verði fellt.

Alþingi, 1. júní 1960.

Skúli Guðmundsson.